

Forstöðumaður ríkisstofnunar

Hver er staða hans?

Forstöðumannafundur á Hótel Natura
Reykjavík 27. nóvember 2012



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Hvað er forstöðumaður?

Hin ýmsu hlutverk

Hinn klassíski embættismaður (Max Weber).

Á leið frá réttarríkishugsandi embættismanni.

Á leið til markaðshugsandi stjórnanda.

„Generalisti“ – Sérfræðingur – „Pólítíkus“ –
„Verktaki“ – Gæslumaður lýðræðis

Staða forstöðumanns í hinu pólitíska umhverfi

- Hver segir forstöðumanni fyrir verkum?
 - Almenningur?
 - Alþingismenn?
 - Sitjandi ríkisstjórn?
 - Viðkomandi ráðherra?
- Ekki alltaf augljóst þegar lög stangast á, eru óljóst orðuð eða ekkert tiltekið í lögum.

Staða forstöðumanns á stofnun

- Meginhlutverk hans eru:
 - Fagleg
 - Beiting eða virkjun þekkingar
 - Verkefnisstjórn
 - Rekstrarleg
 - Fjármál
 - Mannauður
 - Stefnumótun

Staða forstöðumanns gagnvart sérfræðingaveldi

- Starfsemi ríkisins byggir mjög á vinnuaflsfrekri sérhæfingu.
- Staða sérfræðingahópa misjöfn.
- Áhrif sérfræðingahópa á stöðu forstöðumanns.

Staða forstöðumanns gagnvart fjölmiðlum

- Mismunandi staða eftir því hvort:
 - Forstöðumaður hefur frumkvæði að því að leita til fjölmiðla.
 - Fjölmiðlar hafa frumkvæðið.
- Frumkvæði forstöðumanns. Þarf að huga að:
 - Hvert er markmiðið með fréttatilkynningunni og hvernig á að skapa áhuga?
 - Hvernig og hverjum á að bjóða.
 - Hvernig set ég mál mitt fram?
 - Hvaða viðbótarupplýsingar gæti ég þurft að útvega?

Staða forstöðumanns gagnvart fjölmiðlum (frh)

- Frumkvæði fjölmiðla.
 - Grundvallaratriðið er að ljúga ekki, giska ekki eða búa til eigin kenningar í beinni. Góð regla (ef hægt er að koma henni við) að hlusta á spurninguna og óska eftir fresti til að svara.
 - Taktu þann tíma sem þér finnst þú þurfa til að svara.
 - Ekki láta stressa þig til að svara umsvifalaust.
 - Hugsaðu þig alltaf um áður en þú svarar.
 - Haltu þig við staðreyndir sem þú þekkir.
 - Segðu ef þú veist ekki, getur ekki eða mátt ekki svara.
 - Gerðu alltaf ráð fyrir að vera „on the record“.
 - Vertu hreinskilinn, ákveðinn og formlegur.

Hefðbundið vinnulag forstöðumanns?

Langur vinnudagur, mikill hraði og álag.

Vinnutíminn margskiptur, sífelld verið að skipta um viðfangsefni.

Þrýstingur frá umhverfinu, viðfangsefni ráðast frekar af áreiti en fyrirfram teknum ákvörðunum.

Vinnur fyrst og fremst með samskiptum við aðra og þá einkum munnlegum.

Samskipti sem stjórnæki

- Samskiptafærni er sá þáttur sem ræður úrslitum um hvort stjórnandi nær fram markmiðum sínum.
- Mikilvægasta verkefni forstöðumanns er að koma á samskiptakerfi innan stofnunar.
- Það er forstöðumannsins að ákveða á hvaða forsendum samskiptakerfi stofnunar er grundvallað.

Takk fyrir